

✉ Re: Deiliskipulag í Grindavík á Reykjanesi - beiðni um umsögn

Búið til	10.1.2022 16:25:41
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	10.1.2022 16:25:40
Tilheyrir	 202112-0055 - Deiliskipulag í Grindavík á Reykjanesi - beiðni um umsögn

Efni

Re: Deiliskipulag í Grindavík á Reykjanesi - beiðni um umsögn

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	10.1.2022 16:25:40	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	Atligeir@grindavik.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Beiðist er velvirðingar á að umsögnin berst eilítið eftir settan skilafrest.

Tilvísun í mál nr. 202112-0055 (LA, BK).

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og umhverfissviði Grindavíkur, dags. 21. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu fyrir iðnaðarorkuvinnslusvæði á Reykjanesi.

Fram kemur að með skipulagstillögunni er gildandi deiliskipulag á iðnaðar- og orkuvinnslusvæðinu fellt úr gildi og skipulagssvæðinu skipt upp um sveitarfélagsmörk Grindavíkurbæjar og Reykjanesbæjar, í tvö deiliskipulagssvæði:

- Deiliskipulag orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi í Grindavíkurbæ
- Deiliskipulag orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi í Reykjanesbæ

Einnig kemur fram að tillaga að deiliskipulagi hefur það að leiðarljósi að fá betri yfirsýn yfir orkuvinnslusvæðið, uppfæra skilmála og marka stefnu um umgjörð jarðhitanýtingar, og að með deiliskipulaginu verður markaður rammi um uppbyggingu atvinnustarfsemi sem nýtt geti afgangstrauma frá Reykjanesvirkjun til fjölbreyttrar framleiðslu – innan Auðlindagarðsins.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna, en stofnuninni hefur ekki borist beiðni um umsögn frá Reykjanesbæ er snýr að deiliskipulagi orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi.

Náttúrufræðistofnun hefur áður veitt umsögn varðandi vinnslutillögu deiliskipulags Grindavíkur 23. júlí 2021 (https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/endurskodun_deiliskipulags_orkuvinnslu_og_idnadar_a_reykjanesi_i_grindavik_-_kynning_a_tillogu_i_vinnslu.pdf) og einnig umsögn til Skipulagsstofnunar vegna rannsóknarborunnar HAL-3 þ. 19. maí 2021 (https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/rannsoknarhola_hal_3_vid_reykjanesvirkjun.pdf) (https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/rannsoknarhola_hal_3_vid_reykjanesvirkjun.pdf).

Náttúrufræðistofnun telur jákvætt að sveitarfélögin Grindavík og Reykjanesbær leggi fram deiliskipulag sem marki stefnu um umgjörð jarðhitanýtingar og ramma utan um atvinnustarfsemi Reykjanesvirkjunar, Auðlindagarðinn. Hins vegar telur Náttúrufræðistofnun að fjalla þurfi um Reykjanesvirkjun sem eina heild og þá atvinnustarfsemi sem þar fer fram, í stað þess að fjalla um virkjunina sem tvö deiliskipulagssvæði aðskilin með sveitarfélagsmörkum. Eins og fram hefur komið hefur stofnuninni ekki borist beiðni um umsögn varðandi deiliskipulagssvæði Reykjanesbæjar og hefur því ekki skoðað þær tillögur sem fjalla um vestari hluta orkuvinnslunnar og iðnaðarsvæðis.

Eftirfarandi eru ábendingar og athugasemdir Náttúrufræðistofnunar við greinargerð frá október 2021:

Mikið er fjallað um sjálfbæra jarðhitanýtingu í greinargerðinni en ekki kemur beint fram í hverju hún sé fólgin eða hvort hægt sé að gera betur. Eftir að Reykjanesvirkjun tók til starfa árið 2006 hafa verið settar mun strangari kröfur um sjálfbærni jarðvarmavirkjana s.s. í reglugerð um virkjunarkosti í verndar og orkunýtingaráætlun (530/2014) þar sem stendur að tilgreina þurfi markmið um sjálfbærni virkjunar, þ.e. samspil nýtingar og endingartíma, áform um niðurdælingu og förgun affallsvatns henni tengd og möguleg áhrif á grunnvatnshlot, áform um öflun og förgun affallsvatns og markmið um losun brennisteinsvetnis og staðbundinn hámarksstyrk þess í andrúmsloftið eins og kveðið er á um í reglugerð. Þá þarf að taka tillit til þess að stór svæði á Reykjanesi sem metin eru með hátt verndargildi á alþjóðlegan mælikvarða, hafa verið lögð undir orkunýtingu og orðið fyrir varanlegu raski. Náttúrufræðistofnun telur að eftir 15 ára jarðvarmanýtingu á svæðinu, 26 borholur og ótal rannsóknir ætti að vera komin mikil reynsla og þekking á hvernig jarðhitakerfið hagar sér eða hefur þróast á síðustu árum og út frá því ætti að vera mögulegt að segja til um sjálfbærni Reykjanesvirkjunar þ.e út frá efnahagslegum, samfélagslegum og umhverfislegum sjónarmiðum.

Í inngangi á bls. 4 og 5 er hugað að framtíðarsýn sveitarfélagsins Grindavíkur og Reykjanesbæjar hvað varðar orkuvinnslu á Reykjanesi og þar stendur: „*Slík framtíðarsýn fellst m.a. í að skoða fjölgun borteiga og staðsetningu niðurrennslishola til að nýting auðlindar verði sjálfbær.*“ Náttúrufræðistofnun vil benda á að háhitasvæðið er ekki óþrjótandi auðlind og þarf fyrst og fremst að huga að sjálfbærri nýtingu til framtíðar. Framtíðarsýn sveitarfélaganna varðandi orkuvinnslu ætti að miða að betri og sjálfbærri nýtingu á jarðhitaauðlindinni í stað þess að fjölga borteigum og niðurrennslisholum sem geta leitt til þess að háhitasvæðið verði ofnýtt. Fyrirtækið HS Orka hefur sjálft sett fram þetta álit í fjölmiðlum (feitiletrað af Náttúrufræðistofnun):

6. október 2020 „*Stækkun Reykjanesvirkjunar mun nýta affallsvarma frá núverandi virkjun. Því er engin þörf á því að bæta við borholum heldur er eingöngu um að ræða betri nýtingu á núverandi upptekt.*“ og „*Ósennilegt er, að mati Tómasar, að fleiri stórvirkjanir verði reistar í bráð og áherslur í orkumálum séu að breytast. Framtíðin sé sú að nýta betur afl frá þeim auðlindum sem þegar hafi verið virkjaðar og þar séu margir valkostir fyrir hendi.*“ sjá: <https://vatnsidnadur.net/2020/10/06/reykjanesvirkjun-30-mw-staekkun/> (<https://vatnsidnadur.net/2020/10/06/reykjanesvirkjun-30-mw-staekkun/>)

12. janúar 2021 „*Jarðvarmavirkjunin, sem núna er eitthundrað megavött að afli, verður stækkuð um þrjátíu megavött og orkan boðin til sölu á almennum markaði. Samkvæmt upplýsingum HS Orku þarf ekki að bora nýjar holur heldur er ætlunin að nýta betur jarðhitavökva, sem þegar er til staðar, og runnið hefur óbeislaður til sjávar við Reykjanes.*“ sjá: Tólf milljarða króna framkvæmdir að hefjast við stækkun Reykjanesvirkjunar - Vísir (visir.is) (<https://www.visir.is/g/20212060013d>)

Á bls. 4-5 eru settar fram áherslur svæðisskipulagsins um háhitasvæði og orkuvinnslu þar sem áhersla er lögð á sjálfbæra jarðhitanýtingu. Náttúrufræðistofnun þykir miður að ekki skuli stefnt að friðlýsingu óraskaðra svæða á Reykjanesi en þess í stað vísað í stefnu Reykjanes jarðvangs. Jarðvangar hafa ekki lagalegt gildi er varðar náttúruvernd í íslenskum lögum þó að markmið þeirra sé m.a. að stuðla að verndun jarðminja og nýtingu auðlinda á sjálfbæran hátt. Reykjanes jarðvangur starfar eftir markmiðum og áherslum UNESCO Global Geopark og á vef jarðvangsins (<https://reykjanesgeopark.is/is/>) (<https://reykjanesgeopark.is/is/>) stendur „*UNESCO Global Geoparks eru svæði þar sem minjum og landslagi sem eru jarðfræðilega mikilvægar á heimsvísu er stýrt eftir heildrænni stefnu um verndun, fræðslu og sjálfbæra þróun.*“ Sjá má frekari fróðleik um UNESCO hnattræna jarðvanga undir <https://www.geopark.is/in-english> (<https://www.geopark.is/in-english>) og á vef samstarfsvettvangs íslenskra jarðvanga <https://www.geopark.is/> (<https://www.geopark.is/>)

Á bls. 6 segir „*Orkuvinnsla Reykjanesvirkjunar er á svæðinu vestanverðu og þar eru nokkrir borteigar í vinnslu en í Mölvík hefur um árabil verið starfrækt fiskeldi.*“ Ekki er ljóst af hverju Mölvík er nefnd í deiluskipulagi er varðar orkuvinnslu þar sem hún er utan deiluskipulagssvæðisins skv. bls 10 „*Deiliskipulagssvæðið nær að borteig norðan við Háleyjarbungu og liggja mörk deiliskipulagsins þaðan til norðurs að borteig norðan við Sýrfell.*“ Engin starfsemi hefur verið í Mölvík í langan tíma fyrir utan árlega strandhreinsun Bláa hersins. Iðnaðarsvæðið við Mölvík virðist þó falla undir sama iðnaðarsvæði og Reykjanesvirkjun, I9, með gildandi deiliskipulag.

Á bls. 11 er eftirfarandi sett undir almenna stefnu „*Leitast er við að nýta sem best núverandi borteiga í stað þessa að taka undir þá algerlega óröskuð svæði. Borteigar í endurskoðuðu deiliskipulagi eru allir þeir sömu og í áður samþykkti deiliskipulagi, að undanskildum einum nýjum borteig, HAL-3, á austanverðu skipulagssvæðinu þar sem fyrirhugað er að bora rannsóknarholur.*“ Eins og Náttúrufræðistofnun hefur áður bent á í eldri umsögnum sínum mun ný borteigurinn fyrir rannsóknarborholu HAL-3 koma til með að valda miklu raski á áður óröskuðu svæði sem hefur verið metið með hátt verndargildi á heimsvísu, er náttúruminjasvæði skv. gildandi náttúruminjaskrá, er á samþykkttri náttúruverndaráætlun 2004-2008, er svæði sem fellur undir ákvæði náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um sérstaka vernd eldhrauna (61. grein) og nýtur auk þess hverfisverndar sveitarfélagsins. Í nánd við borteig HAL-3 eru vinsæl útivistarsvæði sem eru einnig skilgreind sem áfangastaðir Reykjanes jarðvangs s.s. Gunnuhver, Háleyjabunga og Skálafell. Þessi útivistarsvæði verða fyrir skerðingu á ásjón og landslagi vegna manngerðra óafturkræfra breytinga og truflana á hljóðvist í nálægð holu HAL-3.

Árið 1989 var eitt af stærstu krúvörpum landsins (>10.000 pör) í nálægð Gunnuhvers. Algjört hrun hafði orðið í varpinu árið 2008 í kjölfar ætisskorts en notkun svæðisins gæti aukist að nýju þar sem það er mjög vel staðsett með tilliti til veiðimiða. Norðan Gráa lóns hefur einnig verið töluvert sílamáfsvarp (>500 pör sumarið 2008) og var megnið innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis (<https://utgafa.ni.is/skyrslur/2008/NI-08012.pdf>) (<https://utgafa.ni.is/skyrslur/2008/NI-08012.pdf>). Í ljósi þess er Náttúrufræðistofnun ekki sammála því sem fram kemur á bls 22 að deiluskipulagið sé ekki talið auka neikvæð áhrif á fuglalíf og telur að gera þurfi nýja úttekt á stöðunni á þessum varpsvæðum.

Í eldri umsögnum Náttúrufræðistofnunar hefur áður verið bent á að Stampahraun er ekki innan skipulagssvæðis sveitarfélags Grindavíkur (sjá bls. 8 og bls. 22). Stampahraun (eldra og yngra) liggur á vestanverðu Reykjanesi og tilheyrir sveitarfélaginu Reykjanesbæ. Innan skipulagssvæðis Grindavíkur eru Skálafellshraun, Sýrfellshraun og hraun við eða úr Háleyjarbungu. Öll þessi hraun njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd, þar að auki er Háleyjabunga dyngja gerð úr píkrít bergi en slíkar dyngjur eru fágætar á Íslandi og hefur því Háleyjabunga hátt verndargildi fyrir jarðminjar á landsvísu.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
 Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
 Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
 Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Atli Geir Júlíusson" <Atligeir@grindavik.is>
To: "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "os@os.is" <os@os.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Þór Hjaltalín" <thor@minjastofnun.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "Daniel" <daniel@reykjanesgeopark.is>; "Berglind Kristinsdóttir" <berglind@sss.is>; "Ríkiseignir - FSRE" <rikiseignir@fsre.is>; "Óskar Páll Óskarsson - FSRE" <Oskar.P.Oskarsson@fsre.is>; "Ármann Halldórsson - FSRE" <Armann.Halldorsson@fsre.is>; "hes" <hes@hes.is>; "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Gunnar Kristinn Ottósson" <Gunnar.K.Ottosson@reykjanesbaer.is>
CC: "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "Fannar Jónasson" <Fannar@grindavik.is>; "Íris Gunnarsdóttir" <iris@grindavik.is>; "Stefán Gunnar Thors" <stefan@vso.is>
Subject: Deiliskipulag í Grindavík á Reykjanesi - beiðni um umsögn
Date: 21.12.2021 23:57:52

Sæl/sæll,

Grindavíkurbær óska eftir umsögn við deiliskipulagstillögu á iðnaðarorkuvinnslusvæði á Reykjanesi. Með skipulagstillögunni er gildandi deiliskipulag á iðnaðar- og orkuvinnslusvæðinu fellt úr gildi og skipulagssvæðinu skipt upp um sveitarfélagsmörk Grindavíkurbæjar og Reykjanesbæjar, í tvö deiliskipulagssvæði:

- Deiliskipulag orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi í Grindavíkurbæ
- Deiliskipulag orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi í Reykjanesbæ

Tillaga að deiliskipulagi hefur það að leiðarljósi að fá betri yfirsýn yfir orkuvinnslusvæðið, uppfæra skilmála og marka stefnu um umgjörð jarðhitanýtingar. Jafnframt er með deiliskipulaginu markaður rammi um uppbyggingu atvinnustarfsemi sem nýtt geti afgangsstrauma frá Reykjanesvirkjun til fjölbreyttrar framleiðslu – innan Auðlindagarðsins.

Tillaga að nýju deiliskipulagi innan svæðis Grindavíkur, uppdráttur og greinagerð er hér í viðhengi. Þá er til upplýsinga einnig í viðhengi deiliskipulagsuppdráttur sem sýnir uppdrætti beggja sveitarfélaga á einum. Væntanlega hefur ykkur borist sambærileg umsagnarbeiðni frá Reykjanesbæ.

Áður hefur verið óskað eftir umsögn um lýsingu skipulagstillögu og vinnslutillögu. Við vinnslu tillögunnar var eftir atvikum brugðist við athugasemdum bæði við lýsingu og vinnslutillögu.

Óskað er eftir umsögn frá ykkur eigi síðar en **8. janúar 2022**. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu Grindavíkurbæjar að Víkurbraut 62, 240 Grindavík, eða á netfangið atligeir@grindavik.is (<mailto:atligeir@grindavik.is>)

Með kveðju/ Kind regards,

Atli Geir Júlíusson

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs



Jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust

Grindavíkurbær

Víkurbraut 62

240 Grindavík

Sími/Tel. (+354) 420 1100

GSM:898-2854

atligeir@grindavik.is (mailto:atligeir@grindavik.is)

www.grindavik.is (http://www.grindavik.is/)

Fyrirvari/Disclaimer - www.grindavik.is/fyrirvari (http://www.grindavik.is/fyrirvari)

Viðhengi

image002.png (5 KB)

image001.png (8 KB)